

tíkar" bókum, þýskum, um gamla testamentið. (De Wette:— „Einleitung in d. alte Testam.“)

En þetta ár var viðburðaríkt ár í trúarbragðaheiminum enska. Þá voru rétt að byrja hinar miklu trúarbragðadeilur, er stóðu yfir í fjórðung aldar. R. Waldo Emerson er þá var prestur í Hannover Street Unitararkyrkjunní í Boston sagði þá af sér vegna þess, að hann sagðist ekki geta með neinni samvizku tekjöfólk til altaris, er þá var almennt gjört innan þeirrar kyrkju, vegna þess hann tryði ekki á þá athöfn, og sig hryltti við hugsuninni, er þar lægi til grundvallar. Parker var ekki seinn að fallast á þessar skoðanir Emersons, og kom honum það í koll þá sem ungum og óreyndum manni. Hann var hataður af þrenningarmönnum, og flokksbraður hans höfðu á honum stóran óhug.

Brátt harðnaði rimman milli hans og þeirra, og vorið estir, 1837 þegar Parker loks fékk köllun frá Roxbury söfnuðinum fyrir sunnan Boston, var komið í fullan fjandskap milli hans og margra f Unitara kyrkjufélaginu. Þó voru það helzt hinir eldri prestar félagsins, er þótti hann of „radikal“. En um þetta leyti kvongaðist hann og segir þá í bréfi til viuar síns, að sér gjöri nú ekkert til, hvernig orþodoxían í Boston, trinitarska eða unitarska, beri sig út. Nú eigi hann heimili og förunaut, sem bæti sér upp allan þann vinamissi, er hann geti beðið vegna skoðana sinna.

Það, sem Parker og Unitörum bar aðallega á milli, var það, að hann vildi ekki láta loka dyrnum fyrir neinum rannsóknunum, hvert sem þær leiddi, því þeir hefði ekkert að óttast svo lengi, sem sannleikurinn væri ekki genginn á bug. En þeir stóðu líkt og nýja orþodoxían nú. Þeir vildu opna dyrnar til hálfus og ekki meira. Og það var eitt, er Dr. Channing bardist hvað mest á móti síðustu ár æfi sinnar, að Unitariskan yrði gjörð að orþodoxíu „hálfu verri hinni fyrri, er þeir höfðu þegar yfirgefis.“

Deilan miðli Parkers og Unitara presta stefnunnar stóð yfir mörg ár, en það fór þó svo, að hann kom út úr henni sigri hrósandi. Það urðu allt af fleiri og og fleiri, er litu eins á málin og hann. Það urðu brátt fleiri en „Emerson, Parker & Co.“ eins og þeir voru nefndir í háði af móttöflu flokknum, er mótmæltu